

Nd.

270. Frumvarp til laga

[249. mál]

um listmunauppbod o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Viðskiptaráðherra skal heimilt að veita þeim sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi leyfi til að selja sjálfir á frjálsum uppboði, hvar sem er á landinu, málverk, myndir, listmuni, bækur og frímerki.

Uppboðsleyfi er einnig heimilt að veita félögum eða öðrum lögaðilum sem verslunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir.

Leyfin eru ekki tímabundin en þau má afturkalla ef leyfishafar þykja ekki lengur uppfylla hæfisskilyrði. Eldri leyfi skulu halda gildi sínu og teljast ótímabundin eftir gildistöku laga þessara.

Leyfisgjald, er renni í ríkissjóð, skal vera helmingur af gjaldi fyrir smásöluleyfi.

2. gr.

Pegar sérstaklega stendur á má veita aðilum leyfi til að halda opið eða lokað uppboð í því skyni að styrkja viðurkennda líknarstarfsemi og kirkjulega starfsemi, menntir, vísindi og menningu. Uppboðsstjóri skal þó hafa verslunarleyfi jafnaðarlega og teljast hæfur til uppboðshaldsins. Ekki skal innheimta leyfisgjald.

3. gr.

Leyfishafar skulu á uppboði vekja athygli á því í skriflegum uppboðsskilmálum eða á annan óyggjandi hátt hversu hár söluskattur eða eftir atvikum önnur gjöld leggist ofan á söluverðið.

Söluskatt skal þó ekki leggja á málverk, myndir og listmuni heldur 10% gjald er renni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það í starfslaunasjóð myndlistarmanna. Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins.

4. gr.

Leyfishafar eða uppboðsstjórar mega hvorki gera sjálfir boð á uppboði né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

5. gr.

Um sölu á uppboðunum gildir m.a. sú regla laga um lausafjárkaup að kaupandi getur ekki borið fyrir sig neinn galla á sölumun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við sölu eða seljandi hafi haft svik í frammi.

6. gr.

Þeir sem halda án leyfis uppboð, opin almenningi eða í þrengri hópi, ellegar brjóta lög þessi með öðrum hætti skulu sæta sektum eða þyngri viðurlögum samkvæmt öðrum lögum. Með brot skal farið að hætti opinberra mála. Sektirnar renni í ríkissjóð.

7. gr.

Í reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

- a. 7. gr. laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
- b. lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum;
- c. 2. mgr. laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginmarkmiðið með frumvarpi þessu, sem samið hefur verið í viðskiptaráðuneytinu, er að gera reglur um listmunauppboð frjálsllegri en verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda leyfishafa sem aðeins geti haldið uppboð í ákveðnum kaupstað hver fyrir sig.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er veiting leyfa bundin við aðeins fimm menn í Reykjavík og tvo menn í hverjum hinna kaupstaðanna. Í Reykjavík hafa löngum þrír af fimm leyfishöfum fengið við frímerkjauppboð en talið hefur verið að leyfi þyrfti til slíkra uppboða. Hafa þá einungis tveir leyfishafar haft hug á uppboðum á málverkum, myndum, listmunum og bókum og jafnvel aðeins annar þeirra verið virkur þannig að orðið hefur að synja umsækjendum um leyfi án tillits til hæfni. Þá getur valdið erfiðleikum, a.m.k. í Reykjavík og nágrenni, að mega ekki velja heppilega sali undir uppboð í nágrennakaupstöðum leyfishafa.

Ástæða þykir til að taka fram að leyfi þurfi til frímerkjauppboðs þótt slíkt sé ekki gert í gildandi lögum og er hér tekið mið af framkvæmdinni og gömlum réttarreglum á þessu sviði.

Þá þykir rétt að gefa ekki aðeins einstaklingum kost á uppboðsleyfum heldur og félögum eða öðrum lögaðilum á svipaðan hátt og gert er varðandi verslunarleyfi.

Ekki þykir ástæða til að hafa leyfin tímabundin fremur en sum önnur leyfi sem stjórnvöld veita.

Um 2. gr.

Reynslan hefur sýnt að æskilegt sé að lögfesta skýra heimild til að veita viðurkenndum líknarfélögum o.fl. leyfi til að halda í fjáröflunarskyni einstaka uppboð, annaðhvort opið almenningi eða á lokuðum samkomum, enda gæti þau ákvæða laganna um listmunauppboð o.fl. og annarra laga, t.d. laga um söluskatt.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að sömu gjöld séu tekin af uppboðsmunum hjá öllum leyfishöfum, bæði þeim sem hafa ótímabundin leyfi skv. 1. gr. og hinum sem hafa skv. 2. gr. leyfi bundin við ákveðinn tíma.

Söluskattur yrði áfram af andvirði seldra bóka og frímerkja en nýmæli er að í stað 25% söluskatts af málverkum, myndum og listmunum kæmi 10% gjald er rynni til listamannanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Gildistími höfundaréttar er 50 ár frá láti höfundar samkvæmt nánari reglum þeirra laga. Með lækkun gjalda af málverkum, myndum og listmunum á uppboðum er stefnt að því að greiða fyrir söluforni þessu er nýtur vinsælda hér á landi sem erlendis. Jafnframt er hlúð að listamönnunum og lögfest sú regla um sölu á ofangreindum verkum á listmunauppboðum er kallast fylgiréttur (droit de suite) í erlendri löggjöf. Í fylgiréttinum felst að við endursölu á listaverkum renni ákveðinn hundradshluti af söluverði til myndlistarmannanna sjálfra eða erfingja þeirra. Í frönskum lögum er nú miðað við 3% en í vestur-þýskum lögum við 5%. Meiri hluti dönsku höfundaréttarnefndarinnar hefur gert tillögu um fylgirétt í danskri löggjöf. Í Noregi er farin skyld leið en þar rennur 3% gjald af sölu myndverka í sérstakan sjóð til styrktar myndlistarmönnum. Svipað yrði farið að hér og í Noregi ef höfundaréttur væri fallinn niður eða fénu yrði ekki ráðstafað. Þá rynni það í starfslaunasjóð myndlistarmanna. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra geti sett nánari reglur um ráðstöfun gjaldsins, bæði að því er varðar fylgiréttinn og starfslauna-sjóðinn.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sniðið eftir 2. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, og er sett til að gæta sem best hagsmuna seljenda og bjóðenda á uppboðum.

Um 5. gr.

Til skýringar skal tekið fram að í 1. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, segir að ákvæðum laganna skuli þá aðeins beita er ekkert annað sé um samið berum orðum eða verði álitnið fólgið í samningi eða leiði af verslunartísku eða annarri venju.

Um 6. gr.

Refsiákvæðin eru ákveðin með hliðsjón af lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu.

Um 7.–8. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.